

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 22. ágúst 2017 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Þröstur Helgason og Steinunn Stefánsdóttir. Brynhildur Þórarinsdóttir boðaði forföll. Á fundinn mætti einnig Sigrún Birna Björnsdóttir, formaður Samtaka móðurmálskennara. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Málþing 10. október. Framhaldsumræður.

Sjá fg. stj. ÍM 5/2017, 1. lið. Hvað varðar framkvæmd málþingsins þá var rætt um hvernig ÍM gæti best staðið við þá hugmynd sem unnið hefur verið með, þ.e. að byrja málþingið á stuttum erindum, hafa síðan kaffi og eftir það umræður unglínganna. Útfæra þarf nánar hvað þeir sem sækja málþingið gera á meðan umræðurnar standa yfir. Möguleiki væri að tvískipta málþinginu þannig að þeir sem vildu gætu farið eftir erindin. Annar möguleiki væri að reyna að virkja alla sem mæta og hafa áhuga á málum til að koma með hugmyndir. Tillaga kom fram um að hafa einn útgefanda og einn kennara á hverju borði og einnig einn frá málnefndinni til að taka þátt í umræðunum.

Í ljós hefur komið að 10. október er ekki hentugur tími fyrir Félag íslenskra bókaútgefenda þar sem bókastefnan í Frankfurt er haldin um þetta leyti. Ákveðið var að fresta málþinginu til 6. eða 7. febrúar eftir því hvorn daginn verður hægt að fá salinn í Ármúlaskóla. Reynt verður að fá fulltrúa frá sem flestum bókaforlögum á málþingið.

Ráðherra hefur gefið góð orð um að mæta á málþingið ef ekkert kemur upp í millitíðinni.

### 2. Næsta starfsár

Sjá fg. stj. ÍM 5/2017, 4. lið Þriðja starfsár Íslenskrar málnefndar hefst 1. september og áhersluatriði þess verður *Áhrif fjölmenningsarsamfélagsins á málið og viðbrögð við auknum ferðamannastraumi* (<http://islskan.is/stefnuskra/stefnuskra-islenskrar-malnefndar-2015-2019>). Varaformaður kom með þá tillögu að yfirskrift þessa starfsárs yrði *Íslenska í sátt við fjölmenningu*.

Rætt var um stöðu íslensku í ferðaþjónustu og að margt starfsfólk talar ekki íslensku en ferðamannastraumurinn hefur verið notaður sem réttlætning fyrir því að nota ensku. Í stórum fyrirtækjum hefur verið krafa um að samskipti séu á ensku.

Formaður mun skrifa bréf til Neytendastofu og benda á að hið opinbera þurfi að framfylgja lögum, s.s. um að auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda skuli vera á íslensku. Formaður lagði til að efna til málþings með fulltrúum atvinnurekenda og ráðherra. Slíkt málþing þyrfti að hafa pallborð þar sem aðilar sætu fyrir svörum. Jafnframt var rætt um að hafa fund með fulltrúum atvinnulífsins í janúar, t.d. í Veröld eða í Safnahúsinu.

### 3. Heimsókn til ráðherra?

Ákveðið var að formaður pantaði viðtal við ráðherra síðari hluta september eða síðari hluta október. Stjórn málnefndar fer öll á fundinn. Erindi fundarins verður að kynna starfsemi Íslenskrar málnefndar og versnandi stöðu íslensku á ýmsum stöðum í þjóðfélaginu. Á næsta fundi málnefndarinnar, 12. september, verður samið minnisblað með atriðum sem ætlunin er að ræða um við ráðherra. Það minnisblað verður skilið eftir hjá ráðherra og fær ráðherra einnig fundargerð eftir fundinn.

#### 4. Orðabankinn

Núverandi gerð Orðabanka Árnastofnunar (<http://www.ordabanki.hi.is>) er frá árinu 2003 og viðmót hans er að mörgu leyti orðið gamaldags og veldur m.a. því að fólk missir strax traust á bankanum. Nauðsynlegt er að færa orðabankann til nútímans, t.d. hvað leitarviðmót varðar. Ritari ÍM hefur samband við Steinþór Steingrímsson, tölvumann hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, til að koma með kostnaðaráætlun.

Ástand Orðabanka Árnastofnunar verður meðal þeirra atriða sem rædd verða á fundi með ráðherra.

#### 5. Önnur mál

Bjarki Karlsson sendi fyrirspurn til mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem hann fer þess á leit að ráðuneytið úrskurði eins fljótt og auðið er hvort hann sé enn fulltrúi í Íslenskri málnefnd. Á árinu 2016 dró Bjarki sig út úr félagsstarfi hjá Samtökum móðurmálskennara og formaður samtakanna sendi tilkynningu um nýja fulltrúa í Íslenskri málnefnd.

Ritari ÍM skrifar ráðuneytinu og biður um skýringar svo að fundarboð verði framvegis sent réttum aðila.

Fundi lauk kl. 15.50

Guðrún Kvaran  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.